

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

Fundargerð

Fundur haldinn í Fagráði atvinnuþróunar og nýsköpunar föstudaginn 22. maí, kl. 13:00, á skrifstofu SSVN á Hvammstanga.

Mætt voru: Leó Örn Þorleifsson, formaður, Hólmfríður Sveinsdóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Gunnsteinn Björnsson, Elín Aradóttir og Sveinbjörg Pétursdóttir, starfsmaður fagráðsins sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Afgreiðsla fundargerðar frá 12.05.2015

Fundargerð samþykkt án athugasemda.

2. Vanhæfi nefndarmanna við afgreiðslu einstakra umsókna

Farið var yfir stjórnýslu- og sveitarstjórnarlög um vanhæfi við umræðu og afgreiðslu einstakra umsókna, einnig við hvaða umsóknir nefndarmenn væru vanhæfir. Þeir nefndarmenn, sem vanhæfir voru, viku síðan af fundi á meðan viðkomandi umsókn var rædd og afgreidd.

<u>Vanhæfi:</u>	<u>Verkefnastyrkir</u>
Hólmfríður	nr. 4, 28
Gunnsteinn	nr. 29, 30
Guðmundur	nr. 5, 7

3. Tillögur fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar um styrkveitingar

Alls bárust 30 umsóknir um verkefnastyrki. Samþykkt var að leggja til við Úthlutunarnefnd að 14 umsóknir fengju styrk samtals að upphæð 30.000.000 kr. Nánari útlistun má sjá í fylgiskjalinu „Tillögur fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar til úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs 2015“.

4. Matsblað

Nokkrar umræður urðu um reynsluna af notkun matsblaðsins.

5. Önnur mál

Ekkert.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.30.

Sveinbjörg Pétursdóttir